



Ársreikningur 2023


Greinargerð

Hér á eftir eru teknar saman frekari upplýsingar um ársreikning ársins 2023, að öðru leyti er vísað til ágætra skýringa með ársreikningnum sjálfum og skýrslu endurskoðanda. Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóðs og þjónustustöðvar. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf., Flokka ehf. og Eyvindarstaðaheiði ehf., auk hlutdeildarféлага sem koma inn í reikningsskil sveitarfélagsins eftir hlutfallslegri ábyrgð sveitarfélagsins, þ.e. Norðurá bs. og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hafa ber í huga í samanburðarmyndum og töflum að fyrir árið 2022 eru tölur frá Sveitarfélaginu Skagafirði en eftir 2022 gilda þær fyrir Skagafjörð, þ.e. sameinað sveitarfélag.

Rekstur

Rekstrartekjur Skagafjarðar námu á árinu **8.950 m.kr.** af samstæðunni í heild, A- og B-hluta. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta **7.462 m.kr.** Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru **7.843 m.kr.**, þ.a. A-hluta **6.879 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er jákvæð um **1.107 m.kr.**, þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði jákvæð um **582 m.kr.** Afskriftir eru samtals **321 m.kr.**, þar af **176 m.kr.** hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals **670 m.kr.**, þ.a. eru **534 m.kr.** fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2023 er jákvæð um **123 m.kr.** en rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um **128 m.kr.**

Það er ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir breyttar reglur um útreikning á lífeyrisskuldbindingu sem innleiddar voru í lok árs 2021 og höfðu mikil áhrif á ársreikning Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021, þá hækka lífeyrisskuldbindingar enn og aftur talsvert umfram áætlun og nú um 248 m.kr. Án þessarar miklu hækkunar frá áætlun hefði A-hluti sveitarsjóðs skila jákvæðri niðurstöðu upp á 121 m.kr. og samstæðan í heild jákvæðri niðurstöðu upp á 371 m.kr. Annar mikilvægur málaflokkur sem sveitarfélögin sinna eru málefni fatlaðs fólks sem þau tóku við þjónustu af frá ríkinu árið 2011. Ríkið veitti þá ákveðna tekjustofna, auk þess sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru ætluð til að standa straum af rekstri þjónustunnar. Raunstaðan er sú að þetta hefur verið mjög fjarri lagi undanfarin ár. Sveitarfélagið Skagafjörður varð þannig að taka á sig 119 m. kr. af rekstrarkostnaði umfram tekjustofna og framlög á síðasta ári sem hefur áhrif á ársreikning ársins 2023. Í lok ársins 2022 og aftur í lok síðasta árs áttu sér þó stað ákveðnar tekjufærslur frá ríki til sveitarfélaga, þannig að staðan er mun betri en ella hefði orðið. Samt sem áður er ekki búið að ljúka endanlegu samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga um þennan mikilvæga málaflokk. Það er mjög brýnt að ljúka málinu því það geta allir gert sér í hugarlund hversu erfið deilan er t.d. fyrir þá sem þurfa á þjónustunni að halda.



Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Efnahagur


Eignir Skagafjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals **14.539 m.kr.**, þ.a. voru eignir A hluta **11.135 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2023 samtals **10.196 m.kr.**, þ.a. hjá A-hluta **8.872 m.kr.** Langtímaskuldir námu alls **6.439 m.kr.** hjá A- og B-hluta auk **630 m.kr.** næsta árs afborgana. Eigið fé nam **4.343 m.kr.** hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárlutfall **29,9%**. Af þessari tölu nam eigið fé A-hluta **2.262 m.kr.** og eiginfjárlutfall **20,3%**. Lífeyrisskuldbindingar nema **1.937 m.kr.** í árslok og hækkuðu á árinu um **339 m.kr.**

Sjóðsstreymisýfirlit

Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam **1.226 m.kr.**, þar af er veltufé frá rekstri A-hluta **752 m.kr.** Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er **1.163 m.kr.** Fjárfestingahreyfingar námu á árinu 2023, **962 m.kr.**, þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum **1.099 m.kr.** Afborganir og skuldbreytingar langtímalána á árinu 2023 eru **703 m.kr.**, handbært fé nam **459 m.kr.** í árslok. Tekin voru ný langtímalán að fjárhæð **620 m.kr.**



Veltufé frá rekstri hjá Skagafirði 2002-2023 í þúsundum króna



Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstrartekjur

Sé horft til samanburðar á milli ára á helstu stærðum er lúta að rekstri er breytingin nokkur. Eftirfarandi tafla (Tafla 1) sýnir rekstrarniðurstöðu árána 2010-2023 og hlutfallslega breytingu milli árána 2022-2023.

Tafla 1	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Br. %
Rekstrartekjur	3162	3298	3548	3902	3933	4316	4917	5196	5506	5977	6321	6866	7976	8950	12,2%
Rekstrargjöld	-3005	-3213	-3256	-3340	-3649	-4131	-4503	-4847	-4984	-5483	-5978	-6982	-7332	-7843	7,0%
Fjármagnsliðir	-159	-359	-278	-228	-201	-251	-257	-203	-292	-262	-295	-373	-665	-670	0,8%
Rekstrarhagnaður - (gjöld)	-15	-270	17	314	127	-97	252	145	241	231	46	-367	-55	123	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstrartekjur hækka um 12,2% á milli ára hjá samstæðunni en rekstrargjöld hækka á sama tíma um 7%. Fjármagnsliðir hækka ekki mikið eða um 0,8% en hafa ber í huga að þar er samt sem áður um mjög mikla hækkun að ræða frá árinu 2021. Skýringin er veruleg aukning verðbólgu undanfarin misseri og tilheyrandi stýrivaxtahækkunar Seðlabanka Íslands en stýrivextir munu vonandi lækka aftur síðsumars í kjölfar hóflegra kjarasamninga.

Rekstrarkostnaður

Þegar horft er til rekstrarútgjalda, þá er vert að geta þess að laun og launatengdur kostnaður eru þar langstærstu kostnaðarliðirnir. Hjá samstæðunni allri, A- og B-hluta, hljóðuðu þessir kostnaðarliðir upp á um **4.902 m.kr.** á árinu eða sem nemur **54,8%** af samanlögðum tekjum samstæðunnar. Það er smávægileg lækkun á milli ára eftir að þetta hlutfall hafði hækkað skarpt á árabílinu 2019-2021, m.a. vegna vinnutímastyttingar vaktavinnufólks og opunar nýrra



leikskóladeilda. Er þetta svipað hlutfall og á árunum 2016-2019, með undantekningu ársins 2017. Sambærilegar tölur fyrir A-hluta eru að laun og launatengdur kostnaður var um **4.558 m.kr.** eða **61,1%** af heildartekjum A-hluta. Þar hefur hlutfallið sömuleiðis lækkað miðað við undanfarin 3 ár.

Hér að neðan er samanburður á þessum kostnaðarliðum fyrir árin 2010-2023 hjá samstæðunni.

Tafla 2	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Rekstrartekjur	3.161	3.298	3.548	3.902	3.933	4.315	4.917	5.196	5.506	5.977	6.321	6.866	7.976	8.950
Laun og launat. gjöld	1.820	1.901	1.968	1.978	2.108	2.401	2.691	3.046	3.022	3.244	3.569	4.019	4.389	4.902
Hlutfall af tekjum	57,6%	57,6%	55,5%	50,7%	53,6%	55,6%	54,7%	58,6%	54,9%	54,3%	56,5%	58,5%	55,0%	54,8%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Rekstur málaflokka – ráðstöfun skatttekna

Vert er að skoða hvernig skatttekjum sveitarfélagsins er ráðstafað til einstakra málaflokka í A-hluta, en skatttekjur eiga að standa undir rekstri hans samkvæmt þeim almenna ramma sem sveitarfélögum er sniðinn lögum samkvæmt.

Eftirfarandi tafla (Tafla 3) er sambærileg og tafla í skýringu 23 á bls. 29 í ársreikningi ársins 2023. Í töflunni er sýndur samanburður tólf ára, 2012-2023. Kostnaður við útgjaldastærsta málaflokkinn, fræðslu- og uppeldismálin, er hlutfallslega svipaður og árið 2022 eða 0,3 prósentustigum hærrí. Kostnaður við félagsþjónustu eykst hins vegar allnokkuð hlutfallslega eða um tæpt prósentustig. Þar sem fjárhæðir í fræðslu- og uppeldismálum eru hins vegar mun meiri er hækkun í krónutölu þess málaflokks 372 m.kr. á milli ára en 209 m.kr. á milli ára í félagsþjónustu. Hlutfallsleg breyting í öðrum málaflokkum er ekki ýkja mikil á milli ára, alls staðar um eða undir 0,6 prósentustigum ef frá eru talin hreinlætismál þar sem viðsnúningur er verulegur á milli ára í kjölfar innleiðinga laga um hringrásarhagkerfið. Hin stóra breytingin sem þegar hefur verið tæpt á er mikil hækkun lífeyrisskuldbindinga sem nemur 166 m.kr. hækkun á milli ára eða hlutfallslegri hækkun um 2,3 prósentustig.

Á síðustu árum hefur verið reynt að gæta aðhaldssemi í rekstri sveitarfélagsins og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum samhliða því sem lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins.

Sem kunnugt er var sveitarfélögum landsins tímabundið veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga út árið 2025 vegna kórónaveirufaraldursins. Þrátt fyrir þetta er nauðsynlegt að gæta skynsamlegs aðhalds í sjálfum rekstri sveitarfélagsins og ná ekki aðeins góðri rekstrarniðurstöðu í samstæðunni í heild sinni heldur einnig jafnvægi í rekstri A-hlutans. Með því er unnt að skapa áfram tækifæri til nauðsynlegra fjárfestinga í innviðum og viðhaldi, án þess að skuldsetning sé aukin. Sem sjá má er Skagafjörður á mjög góðri leið í þessum efnunum og hefði verið í jafnvægi í rekstri A-hluta ef ekki hefðu komið til verulegar ófyrirséðar hækkunar á lífeyrisskuldbindingum.



Tafla 3

Aðalsjóður	2012	%	2013	%	2014	%	2015	%	2016	%	2017	%	2018	%	2019	%	2020	%	2021	%	2022	%	2023	%
Skatttekjur	2.358		2.561		2.610		2.807		3.554		3.758		3.969		4.381		4.581		4.987		5.705		6.467	
Félagsþjónusta	166	7,0%	179	7,0%	210	8,0%	236	8,4%	657	18,5%	674	17,9%	742	18,7%	873	19,9%	963	21,0%	1.029	20,6%	1.125	19,7%	1.334	20,6%
Heilbrigðismál	14	0,6%	1	0,0%	1	0,0%	7	0,2%	7	0,2%	8	0,2%	8	0,2%	9	0,2%	9	0,2%	10	0,2%	10	0,2%	10	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	1.411	59,8%	1.392	54,4%	1.512	57,9%	1.696	60,4%	1.732	48,7%	1.843	49,0%	1.865	47,0%	1.951	44,5%	2.114	46,1%	2.415	48,4%	2.630	46,1%	3.002	46,4%
Menningarmál	131	5,6%	117	4,6%	130	5,0%	137	4,9%	146	4,1%	163	4,3%	155	3,9%	171	3,9%	214	4,7%	209	4,2%	191	3,3%	184	2,8%
Æskulýðs- og íþróttamál	283	12,0%	287	11,2%	308	11,8%	321	11,4%	329	9,3%	351	9,3%	366	9,2%	422	9,6%	501	10,9%	536	10,7%	585	10,3%	661	10,2%
Brunamál og almannavarnir	52	2,2%	57	2,2%	54	2,1%	59	2,1%	66	1,9%	63	1,7%	71	1,8%	82	1,9%	75	1,6%	88	1,8%	103	1,8%	111	1,7%
Hreinlætismál	39	1,7%	43	1,7%	43	1,6%	38	1,4%	40	1,1%	40	1,1%	47	1,2%	53	1,2%	61	1,3%	68	1,4%	61	1,1%	11	0,2%
Skipulags- og byggingarmál	35	1,5%	42	1,6%	46	1,8%	44	1,6%	43	1,2%	45	1,2%	61	1,5%	60	1,4%	88	1,9%	63	1,3%	109	1,9%	100	1,5%
Umferðar- og samgöngumál	81	3,4%	95	3,7%	86	3,3%	89	3,2%	84	2,4%	77	2,0%	93	2,3%	132	3,0%	154	3,4%	159	3,2%	181	3,2%	180	2,8%
Umhverfismál	53	2,2%	59	2,3%	60	2,3%	68	2,4%	72	2,0%	72	1,9%	83	2,1%	85	1,9%	99	2,2%	137	2,7%	120	2,1%	122	1,9%
Atvinnumál	50	2,1%	46	1,8%	50	1,9%	53	1,9%	78	2,2%	67	1,8%	60	1,5%	77	1,8%	89	1,9%	87	1,7%	109	1,9%	109	1,7%
Sameiginlegur kostnaður	172	7,3%	223	8,7%	231	8,9%	201	7,2%	231	6,5%	246	6,5%	263	6,6%	284	6,5%	267	5,8%	329	6,6%	350	6,1%	357	5,5%
Lífeyrisskuldbinding	56	2,4%	53	2,1%	85	3,3%	125	4,5%	129	3,6%	249	6,6%	68	1,7%	108	2,5%	101	2,2%	419	8,4%	152	2,7%	318	4,9%
Fjármunatekjur -(gjöld)	46	2,0%	17	0,7%	23	0,9%	10	0,4%	12	0,3%	14	0,4%	55	1,4%	44	1,0%	30	0,6%	41	0,8%	59	1,0%	83	1,3%
Aðalsjóður samtals	-139		-17		-183		-257		-48		-126		142		118		-126		-519		36		73	
Eignasjóður og þjón.st	87	3,7%	51	2,0%	171	6,6%	128	4,6%	91	2,6%	127	3,4%	-50	-1,3%	-3	-0,1%	34	0,7%	68	1,4%	-246	-4,3%	-201	-3,1%
Þjónustustöð	-27	-1,1%	-24	-0,9%	-35	-1,3%	-47	-1,7%																
A-hluti - samtals	-79		11		-47		-176		43		1		92		115		-92		-451		-211		-128	

Fjárhæðir eru í þúsundum króna og á verðlagi hvers árs

Samanburður fjárhagsáætlunar og rauntalna

Þegar samanburður áætlunar og rauntalna í rekstri er skoðaður sést glögglega að flestir málaflokkar hafa staðist fjárhagsáætlun nokkuð vel. Hjá Aðalsjóði má þannig sjá að stærstu málaflokkarnir, fræðslu- og uppeldismál og félagsþjónusta, eru með fremur lítil hlutfallsleg frávik en fjárhæðirnar eru þó verulegar og nauðsynlegt að auka aðhald þar. Þriðji stærsti málaflokkurinn, æskulýðs- og íþróttamál fer lítillega fram úr. Ánægjulegur viðsnúningur er í hreinlætismálum og betri afkoma er en viðaukaáætlun sagði til um í menningarmálum, brunamálum og almannavörnum, umferðar- og öryggismálum, umhverfismálum, atvinnumálum og sameiginlegum kostnaði. Lífeyrisskuldbindingar fara hlutfallslega mest fram úr áætlun og eru það vonbrigði eftir mikil útgjöld vegna breyttra reglna í ársreikningi 2021. Aðrir málaflokkar aðalsjóðs eru mjög nærri áætlun. Þá voru skatttekjur nokkuð umfram áætlun eða sem nemur 148 m.kr.

Mikill halli er á Eignasjóði og umfram áætlun. Þar er stærsti hluti skýringar að fjármagnskostnaður er mun meiri en áætlun sagði til um. Þá voru afskriftir einnig umfram áætlun.

B-hluta stofnanir voru flestar þokkalega reknar og heildarafkoman jákvæð um 248 m.kr. Munar þar mestu um hafnarsjóð, vatnsveitu, fráveitu, félagslegar íbúðir og samstarfsverkefni B-hluta. Hallarekstur hitaveita er óviðunandi og þarf að huga að úrbótum á. Mestu frávikin frá áætlun eru í rekstri vatnsveitu, hitaveitu og í samstarfsverkefnum.

Til nánari greiningar sýnir eftirfarandi tafla (Tafla 4) heildaryfirlit um rekstur samstæðunnar á árinu og frávik einstakra liða frá fjárhagsáætlun ársins.



Tafla 4

Samanburður	Áætlun 2023 með viðauku			
	Ársreikningur	m	Mismunur	%
Aðalsjóður				
Skatttekjur	6.467	6.319	148	2,3%
Félagsþjónusta	1.334	1.332	-2	0,2%
Heilbrigðismál	10	11	1	-9,1%
Fræðslu-og uppeldismál	3.002	3.004	2	-0,1%
Menningarmál	184	221	37	-16,7%
Æskulýðs-og íþróttamál	661	652	-9	1,4%
Brunamál og almannavarnir	111	134	23	-17,2%
Hreinlætismál	11	22	33	-50,0%
Skipulags-og byggingarmál	100	97	-3	3,1%
Umferðar-og öryggismál	180	203	23	-11,3%
Umhverfismál	122	134	12	-9,0%
Atvinnumál	109	132	23	-17,4%
Sameiginlegur kostnaður	357	369	12	-3,3%
Lífeyrisskuldbinding	318	82	-236	287,8%
Fjármunatekjur -(gjöld)	83	71	-12	16,9%
Aðalsjóður samtals	73	-2	75	
A-hluta stofnanir				
Eignasjóður	-201	-171	-30	17,5%
A-hluti - sveitarsjóður samtals	-128	-173	45	
B-hluta stofnanir				
Hafnarsjóður	47	42	5	
Vatnsveita	55	35	20	
Sjóveita	-3	-2	-1	
Hitaveita	-11	-46	35	
Fráveita	76	70	6	
Félagslegar íbúðir	34	30	4	
Tímatákn ehf	0	1	-1	
Flokka ehf	4	6	-2	
Eyvindarstaðaheiði ehf	-3	1	-4	
Samstarfsverkefni B-hluta	49	-16	65	
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	
B-hluta stofnanir samtals	248	121	127	
A og B-hluti samtals	122	-51	173	


Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall og skuldaviðmið

Í sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi í upphafi árs 2012 segir í 64. gr. að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“.

Einnig segir í 64. gr. sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga samkvæmt reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga, skuldauppgjör við Brú lífeyrisjóð, auk veltufjármuna sem er ákvæði sem tók gildi árið 2018 (458/2018). Hjá Skagafirði er skuldaviðmið 86,9% á árinu 2023 hjá samstæðunni, þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldum og skuldbindingum og veltufjármuni eins og heimilað er. Séu þessi þættir ekki dregnir frá er skuldahlutfallið 113,9% hjá samstæðunni og er um nokkra lækkun að ræða á milli ára í báðum tilfellum.





Samantekt

Ársreikningur ársins 2023 fyrir Skagafjörð gefur glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu.

Heilt yfir er rekstur sveitarfélagsins í ágætu jafnvægi en þrír þættir hafa mikið um endanlega afkomu að segja – þættir sem erfitt er fyrir kjörna fulltrúa eða starfsmenn að eiga við, a.m.k. hvað þá tvo fyrst töldu varðar. Er þar um að ræða hækkun á lífeyrisskuldbindingum, rekstur málaflokks fatlaðs fólks og hækkun á fjármagnskostnaði vegna mikillar verðbólgu. Allt hefur þetta mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga landsins.

Að lokum vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki Skagafjarðar fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í almennum rekstri sveitarfélagsins og veitingu þjónustu við krefjandi aðstæður og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð þessa ársreiknings.

Sauðárkróki 15. maí 2024

Sigfús Ingi Sigfússon,
sveitarstjóri